

4. fundur stýrihóps um menntastefnu Hafnarfjarðar haldinn þriðjudaginn 5. nóvember í bæjarráðssal Strandgötu 6, 2. hæð.

Mætt eru: Arnbjörn Ólafsson, Vaka Ágústsdóttir, Kristín Thoroddsen, Sigurður Þ. Ragnarsson, Geir Bjarnason, Margét Vala Marteinsdóttir Fanney Dóróthe Halldórsdóttir, Vigfús Hallgrímsson, Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir og Hrund Apríl Guðmundsdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Sigrún Sverrisdóttir

#### Dagskrá fundar

Menntaleiðtogar

**Mál:** Menntaleiðtogar

**Málsaðili:** Kristín Thoroddsen

Ekki hefur tekist að fá fulltrúa frá öllum leik- og grunnskólum enn sem komið er til að sinna hlutverki menntaleiðtoga. Einhverjir leikskólar hafa gefið út að þeir hafi ekki svigrúm til að finna fulltrúa í hópinn frá sínum skóla vegna skorts á fagfólki og erfitt er fyrir einhverja skóla liggur vandinn í knaptri mönnun. Farið yfir hvað óskað var eftir að menntaleiðtogar hefðu til að bera. Sem stendur eru 22 menntaleiðtogar komnir í hóp menntaleiðtoga. Frestur er út þessa viku eða til 8. nóvember að skila inn nöfnum. Rætt um greiðslur til menntaleiðtoga og væntanlega fundartíma og hvar kallað yrði eftir þátttöku menntaleiðtoga t.a.m á íbúafundi.

Boða til fundar með menntaleiðtogum miðvikudaginn 20. nóvember frá kl 12.00 – 13.00. Fulltrúar stýrihóps funda fyrir og eftir fundinn boðað verður til fundar frá kl. 11.30 – 13.30. FDH sendir fundarboð á stýrihópinn og menntaleiðtoga.

Hlutverk menntaleiðtoga verður kynnt á fyrsta fundi og kynning á þeirri vinnu sem er framundan og tengsl þeirra við þeirra skóla með tilliti til að veita upplýsingar á báða bóga um farveg, áherslur og eiga samtal um gerð menntastefnu Hafnarfjarðar. Rætt um að hafa sameiginlegan samskiptavettvang á facebook fyrir hóp menntaleiðtoga og stýrihóps.

Næsti fundur í stýrihóp verður þriðjudaginn 10. desember kl. 8.15

Rætt um nálgun Reykjavíkurborgar við gerð menntastefnu.

Vinna þarf að því að greina þá þætti sem áhersla verður á í gerð menntastefnu í samvinnu við menntaleiðtoga. Fyrir næsta fund verði stýrihópurinn búinn að kynna sér þau gögn sem sett verða inn á sameiginlegt svæði hópsins, slóð á það svæði er sett inn á feisbókarhóp stýrihópsins.

Fyrsti vinnufundur með menntaleiðtogum verður í janúar.

Fundi slitið 14.00